

Til athugunar fyrir starfsfólk leikskóla

áður en barni á aldrinum 4,0 - 4,6 ára er vísað til málfarslegrar athugunar

Nafn barns: _____ Kt. _____
Leikskóli: _____ Útfyllt af: _____

Þegar grunur vaknar um málþroskaröskun fylgist þá með barninu í a.m.k. fjórar vikur í eftirtöldum athöfnum og skoðið hvernig málnotkun er þar:

- Í leik við jafnaldra.
- Í samræðum við fullorðna.
- Í samræðum/samskiptum við jafnaldra.
- Við hlustun á sögu.
- Við svörun á spurningum.

Skriðið stutta lýsingu á frammistöðu barnsins við þessar aðstæður.

Undirstrikið það sem getur átt við barnið:

Tíðar eyrnabólgur ♦ varanleg heyrnarskerðing ♦ þroskaröskun ♦ veikindasaga ♦ áföll (líkamleg eða andleg) ♦ mörg tungumál í gangi í nánasta umhverfi ♦ ættarsaga um málþroskaröskun og/eða leshömlun ♦ vanörvun varðandi mál, tal og lestur.

4,0 - 4,6 ára börn

Þegar allt er í lagi með mál og tal getur barnið eftirtalin atriði:

- Barnið hlustar eðlilega á sögu í hópi og getur spjallað um hana á eftir.
- Barnið segir skipulega frá því sem það hefur upplifað (t.d. búðarferð með ömmu)
- Barnið notar málið eðlilega í samskiptum við jafnaldra.
- Barnið notar málið eðlilega í samskiptum við fullorðna.
- Barnið skilur fyrir mæli fullorðinna.
- Barnið leikur eðlilega í leikjum þar sem reynir á mál.
- Framburður barnsins er að mestur orðinn "hreinn".

Eðlilegt er að mikið sé um málfræðivillur á þessum aldri.

Hvenær er ástæða til að hafa áhyggjur?

Áður en 4 - 4,6 ára barni er vísað til málfarslegrar athugunar er lagt til að búið verði að leggja Íslenska þroskalistann fyrir foreldri/forráðamann barnsins. Ef mælitölur á Hlustunar- og/eða Talþáttum Íslenska þroskalistans eru <40 **og** merkt er við eitthvað af eftirfarandi atriðum er ástæða til að vísa barninu.

Málskilningur - máltjáning - framburður

Ef barnið:

- hlustar illa á sögu í litlum hópi (3-5 barna).
- getur ekki svarað spurningum úr sögu sem verið er að lesa.
- "svarar til hliðar" (*hvenær ferðu í sumarfrí > ég sofa í tjaldi*).
- skilur illa spurnarfornöfn (af hverju, hvenær, hvar, hvað)

